

Kjósarhreppur  
Pálmar Halldórsson  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 4. maí 2023  
UST202304-241/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Hjallabarð í Kjósarhreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Kjósarhreppi er barst 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hjallabarð í Kjósarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag fyrir frístundabyggð fyrir sjö lóðir á 5,5 ha svæði.

#### **Náttúruminjaskrá og umhverfismat.**

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla nánar um Laxárvog og Laxá í Kjós sem er á náttúruminjaskrá í kafla 1.5 og hvað er verið að vernda. Einnig þarf að fjalla nánar um umhverfisáhrif tillögunnar á svæðið á náttúruminjaskrá í umhverfismati, ekki bara segja að svæðið sé á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi náttúruminjanna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**